
UNDIRBÚNINGUR NEYÐARÁÆTLUNAR FYRIR MENNINGARSTOFNANIR

Pörf fyrir neyðaráætlun

Til þess að geta tekist á við áföll þarf að setja saman neyðaráætlun fyrir menningarstofnanir. Eftir slíkri áætlun getur starfsfólk menningarstofnana unnið eftir þegar og ef eitthvað bregður út af.

Einstakar stofnanir jafnt sem yfirvöld í hverju umdæmi fyrir sig þurfa að vita hvernig bregðast skal við og til hverra eigi að leita ef eitthvað bregður út af. Í þessu gildir að rétt viðbrögð geta bjargað menningarverðmætum frá eyðileggingu. Röng viðbrögð geta hins vegar orðið til þess að þau glatist að eilífu.

Hægt er að tala um innri og ytri hættur. Innri hættur geta t.d. verið af völdum byggingarinnar sem hýsir starfsemina, þ.e. ef t.d. vatnslagnir springa, þakið er lekt eða ef eldur kemur upp. Ytri hættur eru af völdum náttúruhamfara.

Forstöðumenn og starfsfólk menningarstofnana ættu að funda með forsvarsmönnum Almanna- og starfsfólks í sínu umdæmi til að ræða þarfir og sérþarfir sinna stofnana. Þegar neyðarástand ógnar lífi fólks stjórna Almanna- og starfsfólks aðgerðum og þær geta neitað starfsfólki safna aðgengi að stofnunum þar til hættu er liðin hjá. Brýnt er að gera Almanna- og starfsfólki ljóst að safnkostur menninga- og starfsfólks er í flestum tilfellum verðmætari en byggingarnar sem hýsa starfsemina. Safnkosturinn er saga okkar og menning, arfur forfeðra okkar. Tryggingar bæta skemmdir á húsnæði en fjármunir koma aldrei í stað menningarverðmæta.

Með hverri klukkustund sem líður á hættutímum minnka líkur á árangursríkri björgun. Þegar hættu er liðin hjá er nauðsynlegt að fá yfirsýn yfir ástandið sem og að hafa hraðar hendur til að draga sem mest úr skaða á safnkostinum. Koma þarf í veg fyrir frekari skemmdir og lagfæra þær minjar sem hafa orðið fyrir skaða eða liggja undir skemmdum.

Lítið þarf að bera út af til þess að menningarverðmæti skemmist eða glatist. Þeim getur stafað jafn mikil hættu af stífluðum þakrennum og náttúruhamförum. Menningararfurinn er bæði viðkvæmur og óheimtanlegur, hver hlutur er einstakur á sinn hátt hvort sem það er askur eða vefstóll, málverk eða ljósmynd.

Hafa ber í huga að safnkostur stofnana er höfuðstóll þeirra og auður. Um hann snýst starfsemin fyrst og síðast.

Á hættutímum mun starfsfólk safna standa frammi fyrir hvers kyns óvenjulegum aðstæðum. Án neyðaráætlunar getur eftirfarandi gerst:

- Starfsfólk safna er ekki undir það búið að forgangsraða aðgerðum.
- Vegna ónógrar þjálfunar eða þekkingar bregst starfsfólkið rangt við og þau viðbrögð geta leitt til enn meiri skaða.
- Safnið getur vantað aðstöðu/húsnæði til að sinna skemmdum safnkosti sínum.
- Safnið getur skort viðeigandi tæki og efni sem nauðsynleg eru til að sinna safnkostinum eftir hamfarir. Ef fleiri en ein stofnun hefur orðið fyrir skaða getur það þýtt samkeppni hinna ýmsu stofnana um það sem er í boði.
- Starfsfólk stofnunarinnar getur skort vald til þess að taka mikilvægar ákvarðanir eða að samþykkja kostnaðarsamar aðgerðir eftir hamfarir.

Eins og sjá má af ofangreindu er ljóst að án neyðaráætlunar geta stjórnendur misst vald til þess að hafa frumkvæði og þar með stjórn á aðstæðum. Því er nauðsynlegt að vera viðbúinn svo hægt sé að ná góðum tókum á þeim aðstæðum sem kunna að skapast, svo að hægt sé að koma í veg fyrir og draga úr skemmdum á menningarverðmætum. Brýnt er að yfirfara neyðaráætlunina reglulega, t.d. árlega, bæði til að rifja hana upp og endurskoða hana.

Hlutverk forvarðar í neyðaráætlun

Forvörður (sérfræðingur) verður að vera til staðar til að meta ástand hluta og til að gefa fyrirmæli um hvað gera skuli. Ef stofnunin hefur forvörð í sínum röðum ætti sá að vera í nefnd um *Neyðaráætlun á hættutímum*, og vera í forsvari fyrir björgunarhópnum. Meðan á hættutímum stendur þarf forvörðurinn, ásamt forstöðumanni og safnvörðum, að taka skjótar og markvissar ákvarðanir um björgun safnkostsins.

Ef stofnunin hefur ekki forvörð á sínum snærum er hægt að hafa samband við næsta forvörð og/eða Íslandsdeild Félags Norrænna forvarða.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Fjölmörgum óhöppum sem orðið hafa á menningarstofnunum hefði mátt forða eða draga verulega úr með fyrirbyggjandi aðgerðum eins og neyðaráætlunum. Mjög mikilvægt er að skilgreina og meta mögulega hættu sem steðjað getur að stofnuninni og að gerðar séu áætlanir til að koma í veg fyrir og/eða draga sem mest úr hættunni.

Hverjar eru líkurnar á því að tiltekin hætta verði að veruleika og hversu oft? Hvers konar skaða getur safnkosturinn orðið fyrir? Hversu alvarlegur getur skaðinn orðið?

Tilteknar hættur, en þó sérstaklega þær sem tengjast byggingum eða viðhaldi þeirra, geta breyst frá einum tíma til annars. Þarft er að halda vöku sinni í þessum efnum og meta hættuna reglulega.

Hér á eftir er upptalning á nokkrum af þeim atriðum sem ógnað geta öryggi stofnunar þinnar eða safnkosts hennar. Spurningarnar eiga eingöngu að vera til viðmiðunar. Bætið við þær eða fellið þær að aðstæðum ykkar og notið svörin við þeim til að útbúa neyðaráætlun fyrir stofnunina.

Hiti

Eru miklar hitasveiflur þar sem þú vinnur?

Hversu hratt stígur hitastigið og verður hitinn skaðlegur ef hita- eða lofræstikerfið bilar?

Veistu hvaða safngripir í safninu eru viðkvæmir fyrir breytingum á hita?

Rakastig

Eru miklar rakabreytingar eða rakasveiflur þar sem þú vinnur?

Hversu hratt getur rakinn aukist og verður hann hættulega mikill ef hita- eða lofræstikerfið bilar?

Veistu hvaða safngripir í safninu eru viðkvæmir fyrir breytingum á raka?

Úrkoma og illviðri

Er hætta á snjóflóðum þar sem þú vinnur?

Er möguleiki á flóði?

Getur illviðri eða úrkoma haft áhrif á aðgengi starfsfólks að safnkostinum eða hindrað nauðsynlega neyðarþjónustu?

Getur illviðri eða úrkoma haft áhrif á boðskiptaleiðir á svæðinu?

Er hætta á eldingum, ísingu eða miklum vindum á svæðinu? Veistu þá hvað þú átt að taka til bragðs í slíkum tilvikum til að halda tjóni í lágmarki?

Viðvarandi jarðhræringar

Er hætta á jarðskjálftum eða jarðhræringum þar sem þú vinnur? Veistu þá hvernig undirbúa skal stofnunina og safnkostinn undir slíkt til að forða tjóni?

Veist þú hversu sterkan jarðskjálfta safnbyggingin þolir?

Getur jarðskjalfti valdið því að jarðvegurinn undir byggingunni skriði fram svo að hætta hljótist af?

Er hætta á eldgosum á svæðinu?

Er hætta á að byggingin sem stofnunin er í verði fyrir aurskriðum, hraunrennsli eða öskufalli?

Ár og vötn

Er stofnunin staðsett á flóðasvæði?

Er kjallarinn fyrir ofan flóðamörk?

Er kjallarinn fyrir ofan grunnvatnsborð?

Er stofnunin nálægt vatnsfalli? Ef svo er leggur það á veturna?

Gætir sjávarfalla í ánni?

Er stífla ofar í ánni?

Geta miklar rigningar og leysingar valdið flóðum?

Hefur þú rætt við Almannavarnir til að ganga úr skugga um að þær muni senda út viðvörðun ef búist er við flóðum eða breytingum á vatnshæð?

Strandlengja

Er byggingin fyrir ofan flóðamörk og er hægt að komast hjá því að flæði inn þó samtímis sé stórstreymi og vindhraði yfir 13–18 m/sek.?

Er sjávarbakkinn/árbakkinn öruggur gagnvart ágangi sjávar?

Gætir sjávarfalla í grunni byggingarinnar?

Eru ekki allir safngripir, þar á meðal bryggjur og skip sem liggja við festar, í svo góðu standi að þeir þoli ágang sjávar? Er hætta á að sjóinn leggi?

Er stofnunin staðsett svo hátt ofan sjávarmáls að hún verði ekki fyrir flóðbylgju, t.d. vegna jarðhræringa neðansjávar?

Halli og frárennsli

Er byggingin staðsett undir hlíð? Gæti hún orðið fyrir snjóflóði eða skriðu vegna mikillar úrkomu, aukins lofthita eða jarðskjálfta?

Er hætta á að aðgengi eða þjónustuleiðir rofni við snjóflóð eða skriðuföll?

Rennur rigningarmat og bráðinn snjór frá byggingunni eða rennur vatnið að henni og safnast fyrir við grunn hennar?

Gróður- og dýraríki

Er hætta á að aðgengi eða þjónustuleiðir rofni vegna sinuelda?

Eru tré svo nálægt byggingunni að hætta er á að þau falli á hana í miklum vindi eða jarðhræringum?

Eiga fuglar sér hreiður á þakinu, á þakbrúnni eða í skorsteininum?

Er öruggt að nagdýr komist ekki inn í bygginguna?

Aðgengi

Er byggingin á afviknum stað?

Er veginum að byggingunni vel við haldið og er hann opinn árið um kring þannig að aðgengi sjúkra- og slökkviliðsbíla verði ekki heft?

Eiga stór farartæki erfitt með að komast að byggingunni? Þurfa þau t.d. að fara um mjóa vegi, þröngar beygjur eða brekkur?

Eru einhver hæðartakmörk (t.d. brýr, göngubrýr) á leiðinni að byggingunni sem geta torveldað aðgengi þegar hætta ber að?

Er aðgengi að byggingunni stundum tept með kyrrstæðum bifreiðum?

Eru brunahanar við bygginguna? Er aðgengi að þeim gott? Er vatnsþrýstingurinn í þeim fullnægjandi?

Ef byggingin er staðsett á afviknum stað er hægt að ná í vatn úr nálægri á, vatni eða sjó til þess að slökkva eld?

Hætta frá verslun og iðnaði

Geta eldar, sprengingar eða hrun í nálægum byggingum haft áhrif á bygginguna sem stofnunin er í eða haft áhrif á aðgengi og þjónustu við hana?

Eru hættuleg efni framleidd í nágrenninu, eða eru þau notuð eða flutt í grennd við bygginguna?

Verður titrings vart í byggingunni vegna umferðar (bifreiða, vinnuvéla, flugvéla) eða vegna byggingaframkvæmda eða sprenginga?

Er byggingin staðsett nálægt verksmiðju?

Er byggingin staðsett í flugleið eða í aðflugsleið flugvallar?

Byggingagerð

Er stofnunin í sögulegri byggingu? Ef svo er gæti ýmislegt torveldað framkvæmd öryggismála.

Polir byggingin og byggingarnar í nágrenninu þá jarðskálfta sem líkur eru á að geti riðið yfir á svæðinu?

Hefur byggingin verið yfirfarin nýlega? (Af hverjum þá?)

Eru allar viðgerðir og viðhald unnin samkvæmt viðurkenndum stöðlum?

Hefur eldingarvari verið settur á bygginguna? Hefur hann verið yfirfarinn nýlega?

Hafa reykháfar verið hreinsaðir og skoðaðir nýlega?

Er reglulega fylgst með snjóþyngslum á þaki? Er létt á þakinu ef með þarf?

Eru þakgluggar og hurðir þéttar ef mikil úrkoma yrði, og heldur sá búnaður í miklum vindi og asahláku?

Er lauf, hreiður, dauðir fuglar og annað fjarlægt reglulega úr niðurföllum og rennum?

Ef stokkar eru inni í byggingunni getur þú þá fylgt þeim eftir? Eru stökkarnir aðgengilegir? Veist þú hvar hægt er að komast að þeim?

Eru niðurföll og aðgengi að þeim merkt inn á teikningar af byggingunni?

Er þak og háaloft öruggt gagnvart leka og sagga? Er safnkostur geymdur á þessum stöðum?

Er vinnuaðstaða og eldhús með viðeigandi niðurföllum sem safna fitu og síru? Eru þau efni hreinsuð úr affallsvatninu reglulega?

Er kjallarinn öruggur gagnvart vatnsveðri og vindum? Ef safnkostur er varðveittur í kjallara er hann ekki örugglega hafður 10 til 15 cm yfir gólfi?

Eru niðurföll í kjallara aðgengileg og í góðu lagi?

Er raka- eða vatnsskynjari í kjallaranum eða á öðrum svæðum þar sem hættu er á að flæði inn?

Er byggingin vel einangruð?

Eru vatnsrennur nógu langar og frárennsli þannig háttað að vatnið renni frá byggingunni?

Eru handlaugar og salerni yfirfarin í lok hvers dags til að ganga úr skugga um að þau séu ekki stífluð eða yfirfull?

Eru vatnslagnir yfirfarnar reglulega og allar nauðsynlegar viðgerðir framkvæmdar strax?

Eru einhverjar vatnslagir í loftum yfir safnkostinum? Ef svo er, er safnkosturinn þá varinn gagnvart hugsanlegum leka úr lögnum?

Eru teikningar af grunnflötum og byggingateikningar til reiðu ef á þarf að halda?

Eru neyðarútgangar vel merktir og með viðeigandi neyðarljósi?

Eru neyðarútgangar aðgengilegir bæði að innan og utan?

Er byggingin með reykskynjara, hitaskynjara, brunaboða, slökkvitæki og sjálfvirkum slökkvibúnaði? Er þessi kerfi skoðuð reglulega og prófuð og er þeim viðhaldið samkvæmt reglum frá framleiðendum?

Er slökkvitækjum skipt út eða fyllt á þau strax eftir notkun? Hefur starfsfólk fengið þjálfun í notkun þeirra?

Eru vatns- og raflagnir byggingarinnar vandaðar og í góðu lagi?

Eru vatns- og raflagnir í samræmi við byggingareglugerðir?

Er hita- og loftræstikerfið skoðað og viðhald þess fullnægjandi?

Nauðsynleg þjónusta

Eru símanúmer fyrir neyðarþjónustu við alla síma? Er þessi símanúmer athuguð og uppfærð reglulega?

Hefur þú einhver tækni á að ná í neyðarþjónustu ef símalínur á svæðinu virka ekki?

Er þjónustuleiðum veitustofnana viðhaldið og eru þær yfirfarnar reglum samkvæmt?

Veit starfsfólkið hvar aðalrofar og -lokar eru staðsettir fyrir vatn og rafmagn, og kann það á kerfið?

Eru til teikningar af mismunandi hlutum byggingarinnar þar sem fram kemur hvar aðalrofar og -lokar eru fyrir hvert svæði?

Er húsið kynt með olúkyndingu? eru olúbirgðir nægar? Er líklegt að aðflutningsleiðir teppist í langan tíma?

Ef veitubjónusta brestur, eru aðrar leiðir til að fá slíka þjónustu?

Eru allar teikningar uppfærðar og afrit af þeim geymd á öðrum stað?

Hefur þú rætt við forsvarsmenn veitustofnana um sérþarfir stofnunarinnar til að tryggja að þjónustu við hana sé komið á eins fljótt og auðið er á neyðartímum?

Öryggi og varúðarráðstafanir

Hefur þú gert áætlun um útkall slökkviliðs og rýmingu á byggingunni ef til eldsvoða kemur? Hefur þú æft áætlunina nýlega?

Hefur þú rætt um sérþarfir stofnunarinnar við lögreglu og slökkviliðsyfirvöld og við tryggingafélag þitt?

Hefur eldvarnareftirlitsmaður skoðað bygginguna nýlega og gefið ráð varðandi brunavarnir? Hefur þú rætt um sérþarfir starfseminnar þegar til eldsvoða kemur?

Hafa allar vaktir slökkviliðs gengið um bygginguna nýlega til að kynna sér aðstæður og starfsemina? Gera slökkviliðsmenn sér grein fyrir staðsetningu safnkosts og því hvar hvers konar hættuleg efni eru geymd?

Hefur lögreglumaður/öryggisvörður skoðað safnið í þeim tilgangi að veita ráðgjöf um aukið öryggi á safninu?

Hefur þú látið slökkvilið, lögreglu, tryggingafélag þitt og lögmann stofnunarinnar fá eintak af neyðaráætlun safnsins á hættutímum til að tryggja að hún sé örugg, raunhæf og lögleg?

Er starfsfólkið þjálfað í meðferð á hættulegum tækjum og efnum?

Er starfsfólkið þjálfað í notkun slökkvitækja?

Er önnur stofnun í sömu byggingu og þín? Hefur þú einhver umráð yfir starfsemi hennar ef brýn nauðsyn krefst þess?

Ganga þeir verktakar sem annast viðhald á safninu vel um og fylgja þeim settum reglum í einu og öllu?

Fylgist þú með veðurspám, fréttum og tilkynningum ef hættuástandi er lýst yfir á svæðinu?

Er útvarp með rafhlöðu til reiðu sem og aukarafhlaða?

Hefur þú möguleika á því að sniðganga skriffinnsku sem tafið getur aðgerðir á hættutímum?

Er líklegt að starfsemi safnsins verði alvarlega umdeild þannig að hætta sé á mótmælaaðgerðum fólks?

Hefur þú upplýsingar um áætlanir ríkis- eða sveitarstjórna um viðbrögð við stríðsástandi og hefur þú íhugað hvernig þetta getur haft áhrif á stofnun þína?

Hættuleg efni og starfsemi

Eru einhver eldsneytisknúin tæki (keðjusagir, dælur, rafmótorar, sláttuvélar, snjóblásarar, utanborðsmótorar) eða eldsneyti fyrir þau geymd í byggingunni?

Eru einhverjar eldfimar lofttegundir (t.d. gas eða súrefni) geymdar eða notaðar í byggingunni? Ef svo er, er þá gasskynjari í byggingunni?

Er vinnusvæðum haldið hreinum og hættulausum (þ.e. er sag fjarlæggt, rusli hent, olútuskum hent og svo framvegis)?

Eru öll hættuleg efni sem notuð eru geymd samkvæmt ströngustu öryggisreglum og er þeim eytt í samræmi við reglur?

Eru opnir eldar, arinn, eldstæði, olíulampar og kerti notuð í safninu? Ef svo er, eru viðeigandi öryggisráðstafanir gerðar? Er slökkvibúnaður við höndina á þessum stöðum?

Eru reykingar í byggingunni bannaðar eða takmarkaðar við ákveðin svæði?

Safnkostur

Eru tækniminjar varðveittar á safninu? Hafa eldsneytiskerfi véla ásamt leiðslum, dælum og öðru því um líku þá verið tæmd að fullu?

Er sprengjuefni (þ.e. hvellhettur, kveikiþræðir, hleðslur, blys, skotfæri, flugeldar, hertæki), nítratfilmur og önnur sprengi- eða eldfim efni eða hlutir geymd á safninu? Hefur þetta þá verið skoðað af réttum aðilum, og er geymsla þeirra og/eða förgun í samræmi við ströngustu reglur? Eru til skriflegar upplýsingar um þetta ?

Er starfsfólk sér meðvitað um eldhættu eða um hættu á heilsutjóni sem getur orðið við varðveislu á lífrænum gripum í alkóhóli eða formalíni?

Er eitthvað af nítratfilmum í safninu þínu? Hefur þá verið gerð eftirtaka af þeim af fagfólki og hefur upprunalegu filmunni verið eytt eða er hún geymd samkvæmt leiðbeiningum frá yfirvöldum brunavarna?

Hefur þú búið til forgangslista yfir safnkostinn og mikilvæg skjöl? Eru þessar upplýsingar nú þegar til taks?

Eru afrit af öllum mikilvægum skjölum geymd utan safnlóðar?

Er safnkosturinn sem geymdur er beint undir vatnslögnum varinn með plastábreiðu (polyethylene) ef það skyldi leka?

Ef safnið er staðsett á svæði sem er þekkt fyrir jarðhræringar:

- eru geymslueiningar og sýningarkassar örugg í byggingunni? Hefur hurðum og skúffum örugglega verið lokað til að tryggja að innihald þeirra velti ekki úr hirslunum?
- Hafa kassar (í geymslum) sem eru valtir verið njörvaðir niður til að koma í veg fyrir að þeir falli um koll? Ef kassarnir standa á hálum fleti hafa þeir verið settir á stamar undirstöður eða festir niður?
- eru safngripir á sýningum tryggðir ef þeir skyldu sporðreisast eða velta?
- Hafa hlutir sem hanga (s.s. ljósakrónur, málverk sem hanga í vír eða keðju, pendúlar stofuklukkna) verið festir svo þeir valdi ekki tjóni?

Getur þú gripið til tímabundinnar geymslu eða annars rýmis undir safnmuni ef skyndilega þyrfti að færa þá á annan stað?

Veist þú hvernig á að meta skemmdir á safnkostinum? Veist þú hvernig á að verja safnkostinn frekari skemmdum?

Hefur þú og starfsfólk þitt kynnt þér hvernig standa ber að flutningi á safnkosti sem hefur orðið fyrir einhvers konar skemmdum?

Veist þú hvaða hlutir í safnkostinum þínum eru sérstaklega viðkvæmir fyrir vatnsskemmdum eða miklum raka? Veist þú hvað þú átt að gera til að aftra mygluvexti?

Notaðu svörin við þessum spurningum við undirbúning á neyðaráætlun fyrir þína stofnun.

Ítarefni

Anderson, Hazel og John E. McIntyre. Planning Manual for Disaster Control in Scottish Libraries and Record Offices. Edinburgh: National Library of Scotland, 1985.

Barton, John P. og Johanna G. Wellheiser, (ritstj.) An Ounce of Prevention: A Handbook on Disaster Contingency Planning for Archives, Libraries and Record Centers. Toronto: Toronto Area Archivists Group Education Foundation, 1985.

Forston, Judith. Disaster Planning and Recovery. New York: Neal-Schuman Publishers, Inc., 1992.

Upton, M.S. og C. Pearson. Disaster Planning and Emergency Treatments in Museums, Art Galleries, Libraries, Archives and Allied Institutions. Canberra: Institute for the Conservation of Cultural Material (ICCM) Inc., 1978.

María Karen Sigurðardóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson þýddu og staðfærðu, í árslok 1999, úr CCI Notes 14/1-2, Emergency Preparedness of Cultural Institutions. Canadian Heritage, Canadian Conservation Institute. Ontario. Canada. 1995.